

# Fundur í stjórn Foreldrafélagi Akurskóla

**Haldinn 23. febrúar 2009**

Mættar: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Brynja Oddgeirsdóttir, Inga Birna Kristinsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

## 1. Reykjaferð

Rætt var um kostnað og styrkveitingar v. skólaferða nemenda. Vitað er að verið er að skipuleggja Reykjaferð 7. bekkjar. Athuga þarf hvaða fleiri ferðir verða farnar á þessu skólaári og því næsta svo að hægt verði að meta hversu mikið FFA getur styrkt nemendur. Einnig þarf að koma í ljós hversu miklu nemendur getað sjálfir safnað til ferðanna. Jóna Guðrún mun senda Jónínu tölvupóst til að athuga hvaða ferðir eru fyrirhugaðar með nemendum.

## 2. Þing FFGÍR

Jana fór yfir dagskrá þingsins en dagskráin er allt að því tilbúin. Jóna Guðrún mun koma hugmyndum bekkjafulltrúa á framfæri á næsta fundi FFGÍR. Jana mun síðan senda endanlega dagskrá á stjórnarmeðlimi.

## 3. Fundur með bekkjafulltrúum

Rætt var um góðan fund með bekkjafulltrúum. Margir hópar hafa nú þegar komið saman og átt skemmtilega stund/stundir saman. Þó eru enn nokkrir hópar sem eru óvirkir. Spurning hvernig hægt er að virkja þá hópa.

Einnig var rætt um þá hugmynd að foreldrar komi inn í forföll hjá nemendum skv. umræðu á fundi með bekkjafulltrúum. Jóna Guðrún mun útbúa eyðublað þar sem foreldrar geta skráð sig. Bekkjafulltrúar munu funda með foreldrum hvers bekkjar og kynna málið.

## 4. Skólapeysur

Einhvers misskilnings hefur gætt varðandi skólapeysur sem 9. bekkur ætlaði að láta útbúa og selja til fjáröflunar. Sumir héldu að foreldrafélagið myndi sjá um málið en það er alfarið í höndum foreldra barna í 9. bekk þó að foreldrafélagið geti komið þeim til aðstoðar.

## 5. Fundir FFA

Ákveðið var að breyta fundartíma stjórnar og funda vikulega á fimmtudögum kl. 20.00 fram að FFGÍR þingi. Næsti fundur verður því fimmtudaginn 5. mars kl. 20.00

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir